

hvora uppástunguna, þá að koma með uppástungu um, hvernig ætti að framkvæma hana.

1865.
10. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um konungstíund af kirkjujörðum. 11. marz.

Með bréfi dagsettu 19. októbermán. f. á. hafid þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni bréf frá sira Jóni Þorvarðarsyni, héraðsprófasti í Borgarfjarðarsýslu. Spyr hann um, hvort nokkur lagaheimild sé til þess að heimta konungstíund af kirkjujörðum; en tilefnið var það, að sýslumaðurinn í Borgarfjarðar sýslu hefði krafizt konungstíundar af slíkum jörðum á manntalsþingunum vorið fyrir. Hafid þér skotið málefni þessu undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það þeim sem hlut eiga að máli, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til að leggja úrskurð á málefni þetta, þar sem það eptir edli sínu liggur undir verkahring dómstólanna.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun fyrir úttekt á umboðsjörðum. 14. marz.

Með úrskurði dags. 20. aprilmán. 1863 hafid þér, herra amtmáður, færzt undan að borga Stefáni Bjarnarsyni, sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, reikning, 53 rdl. 48 sk. að upphæð, fyrir fæðispeninga og ferðakostnað, þegar hann hélt úttektargjörðir á Barðastrandar og Álptafjarðar umboðsjörðum, en það var á árunum 1860 og 1861. Útaf þessu hefir sýslumaðurinn í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar dags. 6. aprilmán. f. á., beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um það, hvort sér beri